

Snjallblóðþrýstingsmælir með hjartalínuriti og stafrænu hlustunartæki



#1 UM ALLAN HEIM

FYRSTI BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIRINN
MEÐ HJARTALÍNURITI OG STAFRÆNU
HLUSTUNARTÆKI

Gáttatíf ber ábyrgð
á 30% heilablóðfalla

Withings BPM Core er ekki aðeins mjög nákvæmur snjallblóðþrýstings- og hjartsláttarmælir heldur fyrsta tengda tækið sem getur greint, heima hjá þér, algengustu tegundir hjartalokusjúkdóma og gáttatífs, en það eru algengir hjarta- og æðasjúkdómar hjá fólki sem þjáist af háum blóðþrýstingi, og getur hjálpað til við að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar versnunar á einkennum.

BPM Core er háþróaðasta heilsutækið okkar fram að þessu en það býður upp á læknisfræðilegar upplýsingar sem venjulega eru aðeins í boði á heilbrigðisstofnunum og frábæra hönnun. Ásamt blóðþrýstings- og hjartsláttarmælingu tekur tækið hjartalínurit sem notað er til að greina gáttatíf en það er alvarleg tegund óreglulegs hjartsláttar sem getur leitt til hjartabilunar, þreytu og mæði og verulegur áhættuþáttur fyrir heilablóðfalli. Auk þess býr tækið yfir stafrænu hlustunartæki sem getur greint hjartalokusjúkdóma á fyrstu stigum, en þeir einkennast af skemmdum á einni af hjartalokunum fjórum og kunna að krefjast skurðaðgerðar til að koma í veg fyrir hjartabilun. Með því að nota tæki, sem lítur út eins og blóðþrýstingsmælir, fá notendur niðurstöður sínar eftir aðeins 90 sekúndur ásamt litakóðaðri endurgjöf beint á tækinu auk þess að geta skoðað alla sögu sína í Health Mate appinu með þráðlausri eða Bluetooth® tengingu. Síðan er auðvelt að deila upplýsingunum með læknum. Varan býr yfir löngum endingartíma rafhlöðu, í allt að 6 mánuði og er hægt að hlaða hana með micro-USB-snúru.

Frekari upplýsingar um vörur okkar er að finna á

www.withings.com

Eiginleikar

Fáðu niðurstöður eftir 90 sekúndur

Mælir blóðþrýsting og greinir tvo hættulega og vangreinda hjartasjúkdóma, gáttatif og algengustu tegundir hjartalokusjúkdóma, sem eru algengir hjá fólki með háþrýsting

Eftirlit með blóðþrýstingi

Sýnir hjartsláttartíðni auk slagþrýstings og þanbilsþrýstings

Greining á gáttatifi með hjartalínuriti

Hjartalínuritið getur greint gáttatif, en það er algengasta tegund hjartsláttartruflana

Greining hjartalokusjúkdóma með stafrænu hlustunartæki

Innbyggt stafrænt hlustunartæki greinir algengustu tegundir hjartalokusjúkdóma, sem einkennast af bilun í hjartalokum

Deildu með lækni

Vistaðu og deildu upplýsingum með heilbrigðisstarfsmanni til að aðstoða við meðhöndlun á háþrýstingi og snemmgreiningu

Tafarlausar niðurstöður

Tafarlausar niðurstöður á tækinu með litakóðaðri endurgjöf

Sjálfvirk samstilling í gegnum þráðlaust net og Bluetooth®

Allar niðurstöður eru aðgengilegar um leið á snjallsímanum þínum í ókeypis Health Mate appinu (iOS og Android™) ásamt gagnasögu í heild.

Vottanir: Lækningatækjaheimild frá FDA / CE

Tækniupplýsingar og hönnun

Notkunarleiðbeiningar : Setja ætti manséttuna á vinstri handlegg á bert hold. Mælingin er gerð í tveimur þrepum: fyrst er blóðþrýstingur mældur og síðan er tekið hjartalínurit og hlustunarmæling framkvæmd en þá þarf notandinn að setja höndina á rafskautið. Stafræna hlustunartækið ætti að vera upp við brjóstkassa notandans við mælinguna því það hlustar á hjartað.

Efni og skynjarar :

- Hjartalínurit: tekið með tveimur ryðfríum stálskautum inni í manséttunni og á slöngunni.
- Stafrænt hlustunartæki: sílikonhimna og ryðfrí stálundirstaða

Skjár: LED-skjár

Stærð og þyngd: 560(L) x 165(B) x 450(H) mm (útflett), 430 g

Nákvæmni þrýstings: Innan við \pm 3 mmHg eða 2% af mælingu

Ummál handleggs: Á bilinu 22 cm til 42 cm (9 til 17 tommur)

Endingartími rafhlöðu: Endist í allt að 6 mánuði (hlaðanleg) með micro-USB-snúru

Geymslupláss og minni: ótakmörkuð geymsla á Withings skýi og allt að 8 mælingar án samstillingar í gegnum Bluetooth® eða þráðlaust net

Tengingar: Bluetooth® og þráðlaust neti

Samhæfni: iOS (iOS 10+) og Android™ (6.0+)

Innihald í kassa: Withings BPM Core, hleðslusúra, leiðbeiningarhandbók